



Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 30. nóvember 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum (endurskoðun höfundalaga, einkaréttindi höfunda og samningskvaðir), 333. mál

Með tölvupósti dags. 19. nóvember 2015 óskaði allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK) um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972, með síðari breytingum (endurskoðun höfundalaga, einkaréttindi höfunda og samningskvaðir), sbr. þingskjal nr. 400. Frumvarpið var áður lagt fram á 144. löggjafarþingi, 701. mál.

SÍK telur mikilvægt að einkaréttindi höfunda séu styrkt og að lagaákvæði taki breytingum samfara þeirri tækniþróun sem á sér stað. Jafnframt teljur sambandið brýnt að ákvæði höfundalaga um höfundaréttarsamtök og heimildir slíkra samtaka séu útfærð með skýrum hætti. Fagnar því SÍK tilkomu þessa frumvarps og telur mikilvægt að það nái fram að ganga. Að öðru leyti vísast til fyrri umsagnar SÍK um áður framlagt frumvarp, dags. 15. maí 2015.

Að teknu tilliti til framangreinds leggur SÍK til að frumvarpið verði samþykkt en áskilur sér þó rétt á síðari stigum til að koma með frekari athugasemdir við efni frumvarpsins.

f.h. SÍK

Hilmar Sigurðsson
formaður SÍK

f.h. SI

Katrín D. Þorsteinsdóttir
forstöðumaður hugverkaiðnaðar
og mannaúds SI